

Ályktun aðalfundar lækna ráðs haldinn 24. maí 2019 um faglega ábyrgð yfirlækna og lækninga á Landspítala

Lækna ráð Landspítala gerir athugasemdir við það að í nýlegum auglýsingum um stöður framkvæmdastjóra klínískra sviða Landspítala, sem þó hafa verið dregnar til baka, séu verkefni og ábyrgð framkvæmdastjóra sögð vera fagleg forysta um þjónustu við sjúklinga. Ekki verður séð að starfslýsing framkvæmdastjóra standist 10. grein laga um heilbrigðisþjónustu frá árinu 2007 þar sem fram kemur að yfirlæknar sérgreina eða sérdeilda beri faglega ábyrgð á þeirri lækniþjónustu sem undir þá heyrir. Sérstakar kröfur eru gerðar í lögum um faglega hæfni yfirmanna lækninga í þeim greinum sem þeir stýra. Engin slík krafa er gerð til framkvæmdastjóra eins og störf þeirra eru auglýst. Í 12. grein laga sem fjallar um framkvæmdastjórnir heilbrigðisstofnana (nr. 40/2007) kemur einungis fram að hlutverk þeirra sé að veita ráðgjöf um ákvarðanir forstjóra er varða þjónustu og rekstur.

Lækna ráð Landspítala krefst þess að öll fagleg forysta í lækningum á Landspítala byggi á lækni-fræðilegri fagþekkingu í viðkomandi sérgreinum til að þjóna heilsufarslegum hagsmunum sjúklinga best eins og lög gera ráð fyrir. Mikilvægt er að við fyrirhugaðar breytingar á skipulagi spítalans verði byggt á faglegum og löglegum grunni.